

## Fyrirspurn

til iðnaðarráðherra um tæringaráhrif brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

Frá Álfheiði Ingadóttur.

1. Hefur ráðherra kynnt sér niðurstöður mælinga Umhverfisstofnunar sem sýna mikla aukningu á loftbornu brennisteinsvetni ( $H_2S$ ) í Reykjavík sem rakin er til virkjunar jarðvarma á Hellisheiði og með hvaða hætti telur ráðherra að þurfi að bregðast við þessari aukningu?
2. Hefur ráðherra hug á að láta kanna hvaða áhrif tæring af völdum brennisteinsvetnis hefur á viðhaldskostnað og líftíma háspennumastra, vinnuvéla o.s.frv. í nágrenni jarðvarmavirkjana á Hellisheiði og hvaða leiðir telur ráðherra færar til slíkra kannana?